

Fundargerð

9. fundur í íþrótt- og tómstundanefnd Langanesbyggðar, 2. maí kl. 17:00 í Veri.

Mætt eru: Linda Pherson, Sóley Vífilsdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Heiðrún Óladóttir og Oddur Skúlason.

Dagskrá.

1. Mál. Sumarstarfið.

- Vinnuskólinn. Einn umsækjandi, Anna Lára Friðbergsdóttir var ráðin.
- Skólagarðar og smíðavölur. Björgvin Þóroddsson ráðinn umsjónarmaður þess. Oddur og Björgvin ætla að útbúa auglýsingu og fleira til undirbúnings.

2. Mál. Reiðnámskeið.

Ragnar Már var búinn að hafa samband við Reyni Atla sem lofar að halda reiðnámskeið í sumar.

3. Mál. Leikjanámskeið og frjálsíþróttæfingar UMFL.

Oddur og Björn Ingimarsson ætla að funda með Sölva Alfreðssyni og Magnúsi Helgasyni n.k.mánudag, 7. maí um leikjanámskeið og frjálsíþróttæfingar.

4. Mál. Eggjahátíð er í vinnslu í samvinnu við Björgunarsv.Hafliða.

5. Mál. Endurbætur á salernum í Þórsveri.

Íþrótt- og tómstundanefnd Langanesbyggðar telur mjög brýnt að salernismálum Þórsvers verði komið í mun betra horf fyrir Káta daga nú í sumar 2007.

6. Mál. Kátir dagar.

Búið að útvega hljómsveit, kvikmyndin Þokufjall verður sennilega sýnd í Þórsveri. Dagskrá daganna verður með hefðbundnu sniði.

7. Mál. Félagsmiðstöðin.

Krakkarnir ýmist byrjaðir í prófum eða byrja á mánudaginn, 7. maí. á meðan á prófum stendur liggur starfsemin niðri. svartholsnefnd fundar n.k. föstudag, 4. maí kl. 16.00.

8. Mál.Starfsemi íþróttahússins.

Flugukastnámskeið var haldið 30. apríl en mjög dræm mæting var.

Útivist. Hugmynd að koma af stað útivistarhóp til að ganga á og um ýmsa staði yfir sumarið. Kanna á áhugann á því. Linda og Sóley ætla að sjá um að stofna útivistarhóp.

9. Mál. Rakamál.

Rakinn í húsinu er stöðugt að minnka og sundlaugarrýmið batnar stöðugt. Enn hefur þó ekki náðst í þann sem þarf að leggja blessun sína yfir búnaðinn.

10. Mál. Ljósabekkir

Komið er að endurnýjun ljósabekkjarsins, en skiptar skoðanir eru um hvort leggja eigi niður þessa þjónustu í Veri og einkaaðili taki upp þessa þjónustu. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

11. Mál. Önnur mál.

Rætt var um laun nefndarmanna.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.